



## **Samruni Lyfja og heilsu hf. (Vetro ehf.) og Glerverksmiðjunnar Samverks ehf.**

### **I.**

#### **Samruninn og málavextir**

Þann 18. september 2017 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt með bréfi um samruna vegna kaupa Vetro ehf. (hér eftir Vetro) á 90,88% útistandandi hlutafjár í Glerverksmiðjunni Samverki ehf. (hér eftir Glerverksmiðjan Samverk). Vetro er að fullu í eigu Lyfja og heilsu hf. (hér eftir Lyf og heilsa). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 648/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær. Seljendur eru Ónix ehf. og tveir einstaklingar. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaupin í sér samruna vegna breytinga á yfirráðum skv. 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

### **II.**

#### **Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim**

Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá rekur Lyf og heilsa lyfjaverslanir og starfar m.a. á markaði fyrir smásölu lyfja, markaði fyrir smásölu hreinlætis- og snyrtivara og markaði fyrir heilsuvörur hér á landi. Lyf og heilsa er í eigu félagsins Faxar ehf. sem er fasteignafélag. Meginstarfsemi félagsins felst í eignarhaldi þeirra fasteigna sem dótturfélag þess nýtir. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017 *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.* var lagt til grundvallar að Lyf og heilsa hefði á árinu 2016 haft 25-30% markaðshlutdeild fyrir landið allt á markaði fyrir smásölu lyfja. Starfar félagið einnig á öðrum mörkuðum, s.s. fyrir smásölu á hreinlætis- og snyrtivörum, heilsuvörum og vítamínum, steinefnum og bætiefnum.

Glerverksmiðjan Samverk starfrækir glerverksmiðju á Hellu og söluskrifstofu í Kópavogi. Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi félagsins felist í framleiðslu á gleri, s.s. í glugga, sturtuklefa, handrið, skjólveggi, málað gler o.fl. Aðalhráefni verksmiðjunnar er flotgler, sem flutt er inn frá Evrópu. Þá selur félagið smávörur sem tengjast uppsetningu og frágangi á framleiðsluvörum sínum, s.s. festingar, klemmur, prófíla og sturtufittings, auk þess að sinna ákveðnum þjónustubáttum þessu tengda, s.s. mælingum, uppsetningu og útkeyrslu. Í samrunaskrá kemur fram að Glerverksmiðjan Samverk fari ekki með yfirráð í neinu öðru félagi. Samrunaaðilar byggja á því að landfræðilegi markaðurinn sé heimurinn allur og þjónustumarkaðurinn sala á gleri og gluggum. Sölu á gleri megi jafnframt skilgreina eftir frekari undirmörkuðum. Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið þó ekki nauðsynlegt að taka endanlega afstöðu til markaðsskilgreiningar samrunaaðila.

### **III.**

#### **Niðurstaða**

Samrunaaðilar starfa á ótengdum mörkuðum og sterkir keppinautar starfa á mörkuðum þessa máls. Markaðsleg staða Glerverksmiðjunnar Samverks mun í engu breytast við



yfirtöku Lyfja og heilsu á verksmiðjunni. Það er mat Samkeppniseftirlitsins, að virtum fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum, að ekki sé ástæða til að ætla að samruni þessi hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

#### **IV. Ákvörðunarorð:**

**„Kaup Vetro ehf., dótturfélags Lyfja og heilsu hf., á Glerverksmiðjunni Samverk ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson